

Fréttabréf

FIT



12. ÁRGANGUR // 3. TÖLUBLAÐ // DESEMBER 2014



Jafnaðarlaun

Afhending sveinsbréfa

Frá félags og faggreinafundum

Heldri félagsmenn í Vestmannaeyjum

Félagsmenn hafa áhrif á undirbúning kjarasamninga

Þessa dagana er verið að gera skoðanakönnun meðal félagsmanna um áherslumál í komandi kjarasamningum. Könnunin verður opnuð á milli jóla og nýárs og mun standa til 15. janúar. Ég hvet alla félagsmenn til þess að taka þátt í könnuninni, því betri sem þátttakan verður, því betri og réttari verða skilaboðin til félagsins varðandi komandi samninga.

ENGIN SÁTT NEMA ALLIR TAKI ÞÁTT

Kjarasamningar eru stóra verkefnið framundan. Viðræður um nýjan samning eru hafnar við Ísal og Norðurál. Einnig standa yfir sérkjaraviðæður við SA, Reykjavíkurborg, sveitarfélögin og ríkið auk annarra aðila. Fljótlega eftir áramót verður farið að ræða launalið nýrra kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum.

Við upphaf samningalotunnar nú eru ýmis jákvæð teikn á lofti en annað veldur vonbrigðum. Góðu fréttirnar eru m.a. þær að atvinnuástand er gott og segja má að full atvinna sé nú í landinu. Farið er að bera á að einn og einn iðnaðarmaður, sem fluttist til útlanda eftir hrun, sé farinn að snúa heim.

Enn getur þó brugðið til beggja vona hvað það varðar. Enginn skortur er á áhugaverðum atvinnutækifærum fyrir íslenska iðnaðarmenn í nágrenna löndunum. Starfskraftar þeirra eru eftirsóttir erlendis, ekki síður en starfskraftar annarra stétta.

Eins og félagsmönnum er líklega í fersku minni var gengið frá kjarasamningum á aðventunni í fyrra. Gerður var svonefndur aðfararsamningur, til eins árs. Lögð var áhersla á kaupmáttaraukningu og hóflegar hækkunar. Orðið aðfararsamningur felur í sér fyrirheit um frekari kjarabætur í náinni framtíð.

Helstu forsendur aðfararsamningsins gengu eftir, verðbólga hefur verið lítil og verðlag stöðugt. Í heildina er batinn hægari en vonir stóðu til. Ekki er hægt að segja annað en að það sem fram kom í fjárlagafrumvarpinu séu kaldar kveðjur til okkar launamanna. Lengi hefur verið talað um að jafna lífeyrisréttindi milli almenna og opinberra geirans en afnám jöfnunar á örorkubyrði hefur þau áhrif að lífeyrisjóðir á almenna markaðinum verða að



skerða réttindi sem leiðir ekki til aukinnar jöfnunar.

VIRÐA EKKI SKULDBINDINGU GAGNVART SAMFÉLAGINU

Eitt af því sem veldur vonbrigðum er að þótt fyrirtækin hafi skilað góðum hagnaði hafa eigendur þeirra tekið hann út sem arð en ekki lækkað vöruverð til almennings. Þetta er dapurleg staðfesting á að fyrirtækin virða ekki þá skuldbindingu að skila út í samfé-

lagið árangrinum sem hefur náðst vegna ábyrgðar kröfugerðar og samningsafstöðu verkalýðsfélanna. Einnig eru vonbrigði að þótt gengi krónunnar hafi styrkst hefur það heldur ekki skilað sér í lægra vöruverði til neytenda.

Ekki er hægt að ætlast til af launafólki á almennum vinnumarkaði, að það leggi fram það sem þarf til að búa til hagvöxt og arð í þjóðfélaginu en síðan komi aðrir og taki til sín alla uppskeruna. Ef til stendur að halda áfram að ræða um samstöðu í komandi kjarasamningum, verða allir að taka þátt í henni. Það er ljóst að félög á almennum markaði munu ekki sitja hjá á meðan aðrar stéttir semja um tuga prósent launahækkunar, m.a. við ríki og sveitarfélög, eins og dæmi eru um.

Á félags- og faggreinafundum sem haldnir voru víða um land á dögunum var m.a. farið yfir launaþróun og skoðaðar breytingar frá 2006. Fjallað er um efni fundanna í Fréttabréfinu og glærur af fundunum eru á heimasíðu félagsins.

VÖRUGJALDALÆKKUN SKILI SÉR ÚT Í VERÐLAGIÐ

Þessa dagana er Alþingi að afgreiða hækkun á virðisaukaskatti á matvæli og fleira en afnema um leið vörugjöld af ýmsum innflutningi. Verkalýðshreyfingin mun fylgja því eftir að lækkun vörugjalda skili sér að fullu út í verðlagið og fylgjast með því um áramótin að ríki og sveitarfélög velti ekki kostnaði af launahækkunum einstakra hópa opinberra starfsmanna yfir á herðar almennings, með hækkunum á gjaldskrár fyrir opinbera þjónustu. Að lokum vil ég óska félagsmönnum öllum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar hátíðar og velfarnaðar á nýju ári.

Með félagskveðju
Hilmar Harðarson

Sendum félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og lands- mönnum öllum hugheilar jóla- og nýárskeðjur.



Desemberuppbót 2014

Desemberuppbót fyrir árið 2014 miðað við fullt starf er kr. 73.600 fyrir eftirtalda kjarasamninga: Samtök atvinnulífsins, Meistarasamband byggingamanna, Bílgreinasambandið og ríkið.

Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember ár hvert miðað við starfshlutfall og starfstíma öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember. Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að uppgjörstímabil sé frá 1. desember til 30. nóvember ár hvert í stað almanaks-árs.

Iðnnemar fá greidda desemberuppbót í samræmi við vinnuframlag, þ.e. þurfa ekki að hafa skilað 12 vikum í vinnu á síðustu 12 mánuðum.

Reikniregla fyrir iðnnema og starfsmenn hluta úr ári.

Desemberuppbót (73.600) deilt með 45 - sinnum unnar vikur = útgreidd desemberuppbót.

ATH að uppgjörstímabilið sé 12 mánuðir.

Til athugunar vegna starfsloka

Áunna desemberuppbót og orlofsuppbót skal gera upp

samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótanna. Sama gildir um öll laun þar með talið orlof.

Upphæð desemberuppbótar í eftirtöldum kjarasamningum er:

Reykjavíkurborg: **kr. 79.600**

Strætó: **kr. 79.600**

Orkuveitan: **kr. 85.400**

Landsvirkjun: **kr. 105.933**

Samband íslenskra sveitafélaga: **93.500**

Sjá nánar í viðkomandi kjarasamningum á heimasíðu FIT.

Eingreidd desemberuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum. Greiða ber öll gjöld og skatta af desemberuppbót eins og öðrum launum.

Desemberuppbót greidd út jafnharðan

Þeir starfsmenn sem fá greidda desemberuppbót jafnharðan með tímakaupi skulu fá **kr. 45,00** á hverja klst. frá 1. maí að telja. **Þeir skulu einnig fá greidda eingreiðslu kr. 7.200 eigi síðar en 15. desember.**

Ofan á desemberuppbót sem greidd er út jafnharðan skal greiða orlof.



Út í bláinn

Nú er í tísku að stunda útivist og gönguferðir og hvað er þá betra en að fara út í bláinn einu sinni í mánuði fram á vor. Farið er í léttar gönguferðir frá Borgartúni 30 síðasta sunnudag hvers mánaðar í hópi fólks þar sem gleðin og góða skapið eru í öndvegi. Þetta er tilvalið tækifæri til að sameina fjölskylduna í léttri gönguferð, kostar bara kaloríur en ekki krónur. Fylgist með á heimasíðu FIT, þar verða upplýsingar verða settar inn tímanlega fyrir hverja ferð.

.....

Bridge

Fastir liðir eins og venjulega eru bridge-kvöldin. Eftir áramótin heldur fjörið áfram og verður spilað í salnum á sjöttu hæð í Borgartúni 30. Nánara fyrirkomulag og tímasetningar verður að finna á heimasíðu FIT þegar ákvarðanir þar um liggja fyrir.



Fréttabréf FIT
3. tbl. 12 árg. des. 2014

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Afslættir til félagsmanna

Munið að félagsskírteinið veitir afsláttarkjör í mörgum fyrirtækjum gegn framvísun þess. Hægt er að kynna sér alla afsláttarmöguleika með því að fara inn á heimasíðu FIT og velja afslætti. Flest fyrirtæki veita 5 til 15% afslátt og eru félagsmenn hvattir til að beina viðskiptum sínum til þeirra.

.....



Veiðikortið

Veiðikortið 2015 er komið í sölu og er klárt í jólapakka félagsmanna.

Nú hafa 3 vötn bæst í hópinn. Þau eru Eyrarvatn, Geitabergsvatn og Þór-ísstaðavatn í Svínadal. Á móti kemur að Hópið mun hætta í Veiðikortinu.

Nú er bara að fara á heimasíðu FIT og velja miðasölu á orlofsvefnum og panta sér kort. Verðið mun áfram vera hóflegt eða 3.500 krónur og á hver félagsmaður kost á því að kaupa 1 kort á því verði. Veiðikortið 2015 kostar hinsvegar kr. 6.900.- í smásölu.

Til mín. Frá Veiðistúf. Gleðileg jól





Gylfi Arnbjörnsson í pontu

41. þing ASÍ

Fertugasta og fyrsta þing Alþýðusambands Íslands var haldið dagana 22. til 24. október s.l. á Hilton Reykjavík Nordica. Rúmlega 50 stéttarfélög mættu til leiks með um 300 þingfulltrúa. Samiðn átti 20 fulltrúa á þinginu en þar af átti FIT 11 fulltrúa. Mál-efnavinnan á þinginu var að verulegu leyti unnin samkvæmt þjóðfundarformi þar sem fólki var raðað til borðs, u.þ.b. 10 í hóp og málefni sem úthlutað var á borðið voru rædd. Hver einstaklingur hafði svo 3 atkvæði til að leggja á þau málefni sem honum fannst

vega þýngst, en síðan skiptist hópurinn og fór á önnur borð þar sem önnur málefni voru til umræðu en nýir einstaklingar komu frá öðrum borðum og ræddu sömu málefni og fyrri hópur. Svona gekk þetta fyrir sig koll af kolli þar til þau málefni sem til umræðu voru höfðu verið rædd af öllum hópum. Ályktanir og samþykktir voru svo búnar til út frá mál-efnavinnunni, en áherslan á málefnið réðist af fjölda atkvæða sem því hafði verið gefið. Lesa má um afraksturinn á vef ASÍ, www.asi.is.



Myndir af ASÍ þinginu



Afhending sveinsbréfa

Föstudaginn 26. september var haldið veglegt nýsveinahóf á Hótel Natura þar sem afhent voru alls 93 sveinsbréf í eftirtöldum greinum:

Bifreiðasmíði 2 bréf, bifvélavirkjun 17 bréf, bílamálun 8 bréf, blikksmíði 5 bréf, húsasmíði 26 bréf, húsgagnabólstrun 1 bréf, húsgagnasmíði 3 bréf, málaraíð 11 bréf,

múraraíð 3 bréf, pípulögnum 15 bréf, rennismíði 1 bréf. Að afhendingu lokinni þáðu nýsveinar og gestir veitingar en að hófinu stóðu Félag iðn- og tæknigreina og Byggið auk viðkomandi meistarafélaga. ÍÐAN-fræðslusetur annaðist undirbúning og framkvæmd þessarar hátíðar.



Ólafur Ástgeirsson stjórnaði samkomunni



Sveinn í bifreiðasmíði



Sveinar í bifvélavirkjun



Sveinar í húsasmíði



Sveinn í húsgagnabólstrun



Hilmar Harðarson formaður FIT



Sveinar í málaraíðn



Sveinar í pípuhlöðnum



Sveinar í bílamálun



Sveinn í rennismiði



Sveinar í múraraíðn



Sveinar í húsgagnsmiði



Sveinar í blikksmiði



Jafnaðarlaun

Umræða um jafnaðarlaun skýtur alltaf upp kollinum annað slagið. Engin ákvæði eru um slíkt í kjarasamningum Samiðnar og SA, en engin lög banna að greiða jafnaðarlaun svo fremi að þau séu yfir lágmarkskjörum kjarasamninga. Slíkar greiðslur eru skýrt brot á kjarasamningum því atvinnurekanda er skylt að afhenda launaseðil með sundurliðun.

Í gr.1.7.2. í aðalkjarasamningi við SA segir: Atvinnurekendur skulu í hvert sinn sem útborgun launa fer fram afhenda hverjum starfsmanni launaseðil, þar sem fram kemur greinileg sundurliðun á fjölda dag- og yfirvinnutíma, kaupgjaldi fyrir unninn tíma, desember- og orlofsuppbót, sé hún greidd út jafnharðan, ákvæðisvinnugreiðslum, orlofi o.s.frv. einnig allur frádráttur af kaupi svo sem lífeyrисиðgjald starfsmanns, stéttarfélagsgjald, opinber gjöld, samtölur frá áramótum, uppsöfnun á fríi sem kemur í stað yfirvinnu o.s.frv.

Í kjarasamningi Samiðnar og SA er kveðið á um lágmarkstaxta fyrir dagvinnu á tímabilinu 07:00 til 18:00 á virkum dögum. Utan þess tíma, á kvöldin og um helgar, á að greiða yfirvinnu. Í vinnustaðasamningum er heimilt að semja um að vinna meira en 8 klst. í dagvinnu á dag en þó aldrei fleiri en 40 klst. á viku. Þetta eru lágmarkskjör.

Starfsmaður sem fær jafnaðarlaun fær sömu laun hvort sem hann vinnur að degi til á virkum dögum, á kvöldin eða um helgar. Ef atvinnurekandi er svo ósmekkvís að greiða jafnaðarlaun er algjört lykilatriði að starfsmaður sé upplýstur um hvernig launin eru uppbyggð. Hversu margir dagvinnu- og yfirvinnutímar eru að baki jafnaðarlaunanna, svo hann geti áttað sig á því hvar mörkin liggja. Tökum dæmi:

Starfsmaður á að skila 40 dagvinnustundum og 15 yfirvinnustundum alls 55 klst. á viku. Gefum okkur að hann hafi nýlokið sveinsprófi og byrjunarlaun samkvæmt kjarasamningi séu 1.603 kr. á klst. Hann á þá að hafa 2.882 kr. á klst. í yfirvinnu. Heildarvikulaun eiga þá að vera $1.603 \times 40 = 64.120$ kr. og $2.882 \times 15 = 43.320$ kr. Alls á viku = 107.350 kr. Atvinnurekandinn deilir í þessa tölu með 55 og fær út jafnaðarlaun 1.982 á tímann. Um leið og þessi einstaklingur skilar meiru en 55 tímum á viku á hann lagalegan rétt á yfirvinnukaupi uppá 2.882 kr. fyrir hverja klst. sem fer fram yfir. Athugið að allar framangreindar tölur eru án orlofs og eru lágmarks-laun.

Jafnaðarlaun gera launagreiðslur ógagnsæjar og brjóta á réttindum starfsmanna. Starfsmaður sem fær jafnaðarlaun á erfitt með að gera sér grein fyrir því hver raunveruleg dagvinnulaun hans eru og hvort verið sé að greiða honum í samræmi við kjarasamninga. Af þessum sökum er mjög mikilvægt að starfsmenn séu upplýstir um hvaða tímafjöldi liggur á bak við jafnaðarlaun ef þau eru greidd.

Það skiptir svo auðvitað líka miklu máli að atvinnurekandinn sé vel upplýstur þegar hann ræður starfsfólk til vinnu, að hann hafi kynnt sér kjarasamninga og þekki réttindi starfsmanna. Fáfræði er ekki afsökun fyrir að brjóta á starfsfólki. FIT hvetur félagsmenn, sem fá greidd jafnaðarlaun, til að skoða launaseðla sína vandlega. Ef minnsti vafi leikur á að launin séu rétt, bendum við þeim á að óska eftir sundurliðun á greiðslum og hafa samband við skrifstofu FIT ef atvinnurekandi neitar, síminn er 535 6000



Frá Sambandsstjórnarfundum Samiðnar þar sem Þórarinn G. Pétursson, aðalhafgræðingur Seðlabankans, fór yfir stöðuna og horfur í efnahagsmálum.

Frá sambandsstjórnarfundum

Samiðn hélt sambandsstjórnarfund þann 26. september sl. Sérstakur gestur fundarins var Þórarinn Pétursson aðalhafgræðingur Seðlabankans sem flutti erindi um efnahagslegar forsendur fyrir stöðugleika í íslensku hagkerfi og vaxandi kaupmætti næstu 3 árin.

Þórarinn kom víða við og nefndi m.a.

Hægt hefur á hagvexti, var 0,6% á fyrri hluta ársins en 3,5% á síðasta ári öllu. Þjónustuútlutningur, einkaneysla og atvinnuvegafjárfesting er megin drifkraftur batans en mestan hluta hans má rekja til vaxtar í þjónustustarfsemi t.d. smá- og heildsölu, flutningum og ferðaþjónustu en einnig má sjá merki viðsnúnings í þeim geirum sem drögust mest saman í kjölfar kreppunnar. Batinn hefur einnig verið kröftugri en að jafnaði í öðrum iðnríkjum: Talið að hagvöxtur verði meiri hér á næstu árum en í helstu viðskiptalöndum.

Frá því að atvinnuleysi tók að minnka hefur það aðallega gerst vegna fjölgunar starfa en aukin atvinnuþátttaka hefur vegið á móti því heildarvinnustundum fjölgaði um 2,6% frá fyrra ári. Það skýrist af fjölgun starfa (1,9%) en meðalvinnutími lengdist einnig (0,7%). Batinn hefur verið töluvert kröftugri hér á landi en almennt meðal OECD-ríkja.

Verðbólga var 1,8% í september og hefur verið

um og undir markmiði frá febrúar sl. Þrátt fyrir hjöðnun verðbólgu í markmið hafa verðbólguvæntingar til miðlungslangs og langs tíma haldist yfir markmiði. Á sama tíma hafa sveiflur í verðbólgu og hagvexti minnkað og eru nú álíka og á öðrum Norðurlöndunum en hafa jafnan verið töluvert meiri en í öðrum iðnríkjum.

Launahlutfallið hefur hækkað samfellt frá 2009 eftir mikla lækkun í kjölfar kreppunnar – er nú talið lítillega yfir langtímameðaltali og endurspeglar töluverða hækkun launakostnaðar á framleidda einingu frá 2010.

Horfur á áframhaldandi verðbólguþrýstingi af vinnumarkaði á næstu árum og að hann verði meiri en áður var reiknað með vegna hægari framleiðnivaxtar.

Raunlaun hækka til lengri tíma því sem samsvavar framleiðnivexti vinnuafslisins: Eigi raunlaun að hækka þarf framleiðni því að aukast.

Nafnlaun hafa ítrekað hækkað langt umfram framleiðnivöxt hér á landi og það sem þekkist í öðrum iðnríkjum sem leiðir óhjákvæmilega á endanum til leiðréttingar í gegnum gengislækkun og verðbólgu.

Að erindinu loknu svarði Þórarinn spurningum fundarmanna.



Glaðbeittur hópur heldrimanna uppi á Stórhöfða í Vestmannaeyjum

Heldrimannaferð FIT 2014

Laugardaginn 13. september var farið í árlega ferð „heldri félagsmanna“ FIT. Litlar rútur komu með félaga frá Akranesi og Reykjanesi en farið var á tveim stórum rútum frá Borgartúni 30 klukkan 10:00. Ekið var sem leið lá austur fyrir fjall og félagar teknir upp í Hveragerði og á Selfossi og urðu þátttakendur alls 75. Fyrsta altarisgangen fór fram á planinu við vegamótin upp í hreppa en síðan var ekið viðstöðulaust til Landeyjarhafnar og ferjan Baldur tekin til Vestmannaeyja. Mikil ánægja og kæti var hjá mönnum þegar ljóst var að ferðinni væri heitið til Vestmannaeyja og kepptust menn við að rifja upp hvenær þeir hefðu síðast komið þangað og jafnvel dæmi um að einstaka menn væru að koma þangað í fyrsta sinn. Þegar til Eyja kom var ekið með hópinn á Hótel Vestmannaeyjar þar sem Veitingastaðurinn Einsí kaldí tilreiddi steikt lambalæri með kartöflum, grænum baunum, rauðkáli og brúnni sósu. Í eftirrétt var boðið uppá ís og ávexti og franska súkkulaðiköku og auk þess kaffi og koníak. Milli rétta þandi Bogi Sig-

urðsson nikkuna og var vel tekið undir með söng. Að lokum kom svo „Gauji bæjó“, Guðjón Hjörleifsson fyrrverandi bæjarstjóri og þingmaður og skemmti mönnum með sögum. Honum var vel tekið enda annálaður fyrir skemmtisögur sínar. Að svo búnu var ekið uppá Stórhöfða þar sem fram fór altarisganga og hópmyndataka. Ekki reyndist tími til að fara upp á hraun því mæting var í skipið kl 17:00. Síðustu mínútunum var eytt í akstur um bæinn undir góðri leiðsögn Rúnars Bogasonar Eyjamanns og varamanns í stjórn FIT. Heimferðin gekk vel og var gert stutt stopp á Hvolsvelli þar sem síðasta altarisgangen fór fram. Það voru þreyttir og ánægðir „heldri félagar“ sem komu til síns heima um kvöldið og allir ákveðnir í að mæta í næstu ferð að ári.

Auk fyrrgreindra 75 félaga voru í ferðinni formaður félagsins Hilmar Harðarson og Rúnar Hreinsson, ljósmyndari. Leiðsögumaður í Vestmannaeyjum var Rúnar Bogason en fararstjóri var Hermann Guðmundsson.





Starfsfólk IDUNNAR fræðsluseturs

IDAN fræðslusetur

IDAN-fræðslusetur hefur flutt starfsemi sína í nýtt og betra húsnæði að Vatnagörðum 20 í Reykjavík. Þar sameinast undir einu þaki skrifstofur og stærstur hluti af kennsluaðstöðu, bókleg jafnt sem verkleg.

„Bætt kennsluaðstaða mun skila sér í enn betri þjónustu við okkar viðskiptavinir“ segir Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri.

Venju samkvæmt býður IDAN upp á fjölbreytt úrval fræðslutilboða í haust. Auk hefðbundinna námskeiða verða í boði stuttir fyrirlestrar og fræðslufundir ásamt því sem fulltrúar nokkurra fyrirtækja munu heim-sækja lðuna og kynna starfsemi sína. Til að koma sem

best til móts við félagsmenn úti á landi stefnir IDAN að því að nýta vel möguleika tækninnar, m.a. með mynd-skeiðum af viðburðum.

„Námsvísir IDUNNAR er öflugasta leiðin sem okkur stendur til boða til að kynna fyrir félagsmönnum námskeiðsframboð og starfsemi lðunnar. Ég vil nota þetta tækifæri og vekja athygli á því að IDAN er einnig virk á helstu samfélagsmiðlum, s.s. Facebook og Twitter. Þar að auki geta áhugasamir skráð sig fyrir áskrift að rafrænu fréttabréfi okkar á vefnum og fá þannig allar upplýsingar um námskeið og viðburði sendar reglulega í tölvupósti,“ segir Hildur Elín Vignir að lokum.



Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri




Ragnar B Ingvarsson, sviðsstjóri bílgreinasviðs og Hilmar Harðarson, formaður FIT



Góð aðstaða til verklegrar kennslu er í húsakynnum IDUNNAR Fræðsluseturs.



Kennslustofa til fyrirlestrahalda í nýja húsnæðinu.



Starfsmenn Heklu á námskeiði hjá IDUNNI.

Rafræn könnun

Milli jóla og nýárs verður félagsmönnum send rafræn könnun. Um verður að ræða nokkrar spurningar um laun og ýmsa kjaratengda þætti auk viðhofs til nokkurra atriða. Mjög mikilvægt er að félagsmenn vandi svör sín, sérstaklega þegar kemur að spurningu um laun, því mikilvægt er að FIT fái skýra og áreiðanlega mynd af launum félagsmanna. Reynt verður að hafa sem bestar skýringar við hverja spurningu til að auðvelda félagsmönnum að svara.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að svörun verði góð því aðeins þannig verður könnunin marktæk. Það er hagrur hvers og eins félagsmanns að geta notað könnunina til að sjá hvar hann stendur

í launastiganum. Þess vegna eru allir félagsmenn hvattir til að taka þátt og um að gera að nota þann góða tíma sem gefst í kringum áramótin til að svara þessari könnun. Ef einhver sem telur sig eiga að taka þátt, hefur ekki fengið könnunina um áramót á að hringja til félagsins (535 6000) og óska skýringa.

Ákveðið hefur verið að verðlauna 3 félagsmenn sem taka þátt í þessari könnun með því að sett verður 20.000 króna inneign á orlofsreikning hvers og eins. Dregið verður úr nöfnum þátttakenda að könnun lokinni og nöfnin 3 birt á heimasíðu félagsins.



Hilmar Harðarson svaraði fjölda fyrirspurna á félags- og faggreinafundum FIT

Félags- og faggreinafundir FIT

Formaður FIT, Hilmar Harðarson, hefur verið með fundaröð nú í lok nóvember og í byrjun desember. Haldnir hafa verið fundir í Reykjavík, Selfossi, Reykjanesi og Akranesi, en vegna veðurs varð að afboða fundinn sem vera átti í Vestmannaeyjum. Auk framsögu formanns voru fulltrúar lífeyrissjóða með erindi en breytilegt var eftir stöðum hver mætti hvar.

Á fundunum fór Hilmar yfir stöðuna í kjaramálum og sagði meðal annars að við gerð síðustu kjarasamninga hafi mest verið horft til Norðurlandanna, þar sem áhersla er lögð á gengis- og verðstöðugleika og uppbyggingu kaupmáttar í hægun en öruggum skrefum án þess að veikja samkeppnisstöðu útflutningsatvinnuveganna. Til þess að slíkt geti gengið eftir þurfi annars vegar breiða sátt um að það fyrirkomulag sé æskilegt og hins vegar trúverðuga efnahagsstefnu sem hefur sama markmið. Hvorugt virðist vera til staðar á Íslandi.


Stjórnvöld hafa á engan hátt hagað ákvörðunum sínum og stefnumörkun þannig að þær styðji við slíka samninga eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu. Auk þess sem tuga prósentu hækkanir til einstakra hópa ýta ekki undir að sú leið verði auðsótt.

Hilmar rakti síðan launaþróun frá árinu 2006 og bar saman mismunandi hópa. Hann fór yfir kostnaðaráhrif ýmissa samninga sem gerðir hafa verið að undanfögnu og hvernig laun, verðlag og kaupmáttur hafa þróast síðustu misseri.

Þá fór Hilmar yfir þá þætti sem helst brenna á fólki vegna boðaðra fjárlaga og ræddi jákvæða og neikvæða þætti þeirra fyrir landsmenn.

Fjörugar umræður urðu á öllum fundunum og svaraði Hilmar mörgum fyrirspurnum.

Einnig voru lífeyrismálin mönnum hugleikin því hugmyndir eru uppi um að færa lífeyrisaldurinn í áföngum úr 67 árum upp í 70 ár.





Horfðu björtum augum fram á veginn

Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf sem tryggir þér auðvelda og skýra yfirsýn yfir öll þín lífeyrismál.



Vefurinn okkar, lifeyrir.is, er aðgengilegur og notendavænn bæði fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á lifeyrir.is

- sérðu stöðu lífeyrisréttinda og séreignar
- finnur þú ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins
- geturðu kynnt þér fjárfestingarstefnu og eignir sjóðsins
- geta launagreiðendur skilað iðgjaldaskilagreinum á einfaldan og öruggan hátt og myndað kröfu í netbanka sínum

Kynntu þér málin á lifeyrir.is eða fáðu upplýsingar hjá starfsfólki í síma 510 5000.

Sundagörðum 2 / 104 Reykjavík / 510 5000 / lifeyrir.is